



Kennarar: Johannes Amplatz (JOA)

Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er fóðrun, fóðurgæði og umhirða hesta. Nemendum er kennt að meta fóðurástand hesta sinna, gæði fóðurs og hvert sé nauðsynlegt magn næringarefna í innihaldi hestafóðurs. Farið verður yfir helstu grunnþætti almennra fóðurfræða og hvernig fóðra skal hesta miðað við mismunandi aðstæður og fóðurkröfur t.d. hest á viðhaldsfóðri, hest í vexti eða mikið brúkaðan reiðhest.

Farið verður yfir helstu þætti er snúa að dýravelferðarmálum og hvernig hægt er að haga umhirðu hests með vellíðan hans í huga og í því sambandi farið yfir helstu þætti hirðingar s.s. rakstur, kembingu, hófhirðu, val á undirburði í stíum o.fl.

Í áfanganum verður einnig farið yfir helstu atriði er varða járningar á keppnis- og kynbótahrossum, hvað er æskilegt og hvað ber að varast og hvað reglur gilda um þær járningar.

Æskilegt er að kennsla fari að nokkru leiti fram í hesthúsum þar sem nemendur þurfa að meta holdafar hrossa sinna, setja upp fóðuráætlun í samræmi við fóðurgæði, holdafar og brúkun, auk þess að halda fóðurdagbók.

Forkröfur: FÓHE2HU03

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunn atriði í fóðurfræði
- mati á fóðri
- fóðurþörf og fóðurástandi hrossa
- dýravelferðarmálum
- aðbúnaði hrossa í hesthúsi, þrif á hrossum og hreinlæti í húsum
- grunnstöðu hófs og hvernig hún er metin
- hvernig almenn þekking á líkamsbyggingu hestsins nýtist við járningar og hófhirðu
- hvernig ganga skuli um búnað og verkfæri s.s. járningaverkfæri, kamba, klippur, ofl.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hugsa rétt um hesta, fóðra þá og meta líkamlegt ástand, s.s. holdastig og almennt heilbrigði
- fóðrað hross miðað við mismunandi skilyrði
- meta gæði fóðurs
- setja upp fóðuráætlanir með tillit til holdafars hesta, notkunar og gæði fóðurs
- umgangast og hirða hesta á öruggan og ábyrgðarfullan hátt
- meðhöndla járningaverkfæri
- klippa hófa miðað við grunnstöðu hófs
- járna einfaldar járningar
- raka undan faxi og kvið hrossa
- halda hrossum hreinum á húsi og í almennri sæld

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hugsa rétt um hesta, fóðra þá og meta líkamlegt ástand, s.s. holdastig og almennt heilbrigði.
- skrásetja atriði er lúta að umhirðu hrossa
- meta fóðurþörf við mismunandi aðstæður og setja upp fóðuráætlanir
- meta rétta fótstöðu hrossa
- meta ástand járninga
- halda hestum á húsi hreinum og í sæld

Verkefni:

Verkefni 1: Umhirðuskýrsla nemendahests

Verkefni 2: Hrossahagar

Verkefni 3: Fóðurfræði

Námsmat:

Kaflapróf 1	10%
Kaflapróf 2	10%
Kaflapróf 3	10%
Upprifjunarpróf	15%
Verkefni 1: Umhirðuskýrsla nemendahests	30%
Verkefni 2: Hrossahagar	5%
Verkefni 3: Hlaðvarp	10%
Mæting og frammistaða	10%

Fyrir hvern dag, þar sem verkefninu er skilað of seint er dregið 0,5 frá einkunn verkefnisins og eftir 4 daga er gefið 0 í einkunn fyrir verkefnið.

Þegar að engu verkefni er skilað, þá hefur það einnig neikvæð áhrif á einkunn fyrir „Mætingu og frammistöðu“.

Mæting og frammistaða: Hér er metið hvernig mæting og frammistaða nemandans er í bóklegum tímum, en einnig á þetta við fyrir alla kennsluna, líka fyrir vettvangsferðir, tíma hjá gestakennurum, mat á heilbrigði, fóðurástand og járningu nemendahests, o.s.frv..

ATH: Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar

Vika	Dagsetning	Viðfangsefni	Kennari
34	20.-22.08.	Kynning á efni og uppbyggingu námskeiðs Hrossahagar, beit og beitarstjórnun hrossa	JOA
35	25.-29.08.	Hrossahagar, beit og beitarstjórnun hrossa Hrossahagar, beit og beitarstjórnun hrossa	JOA
36	01.-05.09.	Meltingarfæri hrossa Meltanleiki fódurs	JOA
37	08.-12.09.	Heilbrigði meltingavegs Heilbrigði meltingavegs	JOA
38	15.-19.09.	Kaflapróf 1: Meltingarfæri, meltanleiki fódurs, heilbrigði meltingavegs, hrossahagar Fóðrun reiðhrossa: Fóður og fóðurefni Stigunarkvarði holdafars Verkefni 1: mat á nemendahesti (framkvæmt fyrir/eftir reiðtíma) Fóður og fóðurefni	JOA
39	22.-26.09.	Fóðurþarfir Fóðurþarfir	JOA

40	29.09.-03.10.	Orku- og próteinþarfir Vatnsþarfir	JOA
41	06.-10.10.	Orku- og próteinþarfir Vatnsþarfir Steinefni, snefilefni og vítamín	JOA
42	13.-17.10.	Verkefnavinna Járningar og hófhirða: reglur varðandi keppni og kynbótasýningar (Carro) Járningar og hófhirða: verklegar æfingar (Carro)- Kennt utan stundatöflu 17.10. Miðannarmat	CA
43	20.-24.10.	Steinefni, snefilefni og vítamín 23.-24.10. Haustfrí	JOA
44	27.-31.10.	Vettvangsferð: mat á fóðri Verkefni 1: 2. mat á nemendahesti (framkvæmt fyrir/eftir reiðtíma) Fóðrun keppnishesta/hrossa undir miklu álagi	JOA
45	03.-07.11.	Verkefni 3: Skil (kynningar) Vettvangsferð: Fóðurblandan	JOA
46	10.-14.11.	Kaflapróf 2: Fóðurfræði Reglugerð um velferð hrossa	JOA
47	17.-21.11.	Dýravelferð, lög og reglugerðir (Dýralæknir MAST) Rekstur hesthúsa, umhirða reiðhrossa, undirburður	JOA
48	24.-28.11.	Kaflapróf 3: Dýravelferð, rekstur hesthúsa, umhirða reiðhrossa, undirburður Verkefni 1: lokamat á nemendahesti (framkvæmt fyrir/eftir reiðtíma) Upprifjun Verkefni 1: verkefnavinna	JOA
49	01.-05.12.	Upprifjunarpróf	JOA

Járningakennsla 2025

1. Bóklegt, Iðá

Þriðjudaginn 14/10

Kl. 08:15-10:05

Hópur 1 & 2

2. Úttekt á járningu

Fimmtudaginn 16/10

Kl. 13:40-15:30

Hópur 1 & 2

3. Verklegt, Hamar (utan stundatöflu)

Fimmtudaginn 16/10

Hópur 1, 16:00-17:30

Hópur 2, 17:30-19:00

Hópur 1: Heiðný, Hrafnhildur, Ísak, Júlía

Hópur 2: Steinunn, Svandís, Tristan